



Reykjavík, 22. febrúar 2019  
Fundargerð 179. fundar

22. febrúar BR

Tilvísun: 00060002

Föstudaginn 19. janúar 2019 var haldinn 179. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 09:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Ásgerður Halldórsdóttir. Áslaug Hulda Jónsdóttir í fjarveru Gunnars Einarssonar og Ágúst Bjarni Garðarsson í fjarveru Rósu Guðbjartsdóttur.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

## 1. Ársreikningur 2018, fyrri umræða

Ársreikningur SHS samstæðu 2018 lagður fram til fyrri umræðu.

Eftirfarandi lagt fram:

- Ársreikningur SHS samstæðu 2018, drög, ódags.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## 2. Lóð fyrir slökkvistöð

Umræða um lóð fyrir nýja slökkvistöð í stað stöðvarinnar við Tunguháls.

*Afgreiðsla:* Stjórn samþykkir að sækja um lóð fyrir nýja slökkvistöð við Jafnasel í Reykjavík. Jafnframt að senda Samgöngugyfirvöldum áskorun um að flýta framkvæmdum við Arnarnesveg til að tryggja betur öryggi íbúa svæðisins.

Handwritten signatures in blue ink, including the number 311.

### 3. Ný „björgunarmiðstöð“

Erindi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, ósk um þátttöku SHS í frumþarfagreiningum vegna skoðunar á möguleikum á sameiginlegu húsnæði fyrir lögreglu og viðbragðsaðila.

Eftirfarandi lagt fram:

- Sameiginlegt húsnæði, þátttaka SHS í frumþarfagreiningum, dags. 7. febrúar 2019.

*Afgreiðsla:* Frestað. Óskað er eftir frekari gögnum og nánari kynningu á næsta stjórnarfundum.

### 4. Önnur mál

#### 4.1. Búseta í atvinnuhúsnæði

Slökkviliðsstjóri ræddi hugmyndir sínar um verklag við sameiginlega aðkomu SHS og sveitarfélaganna að málefnum.

*Afgreiðsla:* Tillaga um að setja saman vinnuhóp, samsetning og erindisbréf verða tekin fyrir á næsta fundi.

Fundi slitið klukkan 10.00.


**Næsti fundur verður föstudaginn 15. mars 2019.**

Fylgiskjöl:


- Ársreikningur SHS samstæðu 2018, drög, ódags.
- Sameiginlegt húsnæði, þátttaka SHS í frumþarfagreiningum, dags. 7. febrúar 2019.




Dagur B. Eggertsson




Armann Kr. Ólafsson




Ásgerður Halldórsdóttir



Áslaug Hulda Jónsdóttir



Haraldur Sverrisson



Ágúst Bjarni Garðarsson